

FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2000-04

Fundartími: Föstudagur 10. nóvember 2000 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Störf raforkuhóps.
2. Raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins 2000.
3. Ný raforkulög og notkunarflokkar raforku.
4. Störf jarðvarmahóps.
5. Störf eldsneytishóps.
6. Almennar forsendur orkuspáa.
7. Áætlun um vinnu ársins 2001.
8. Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Þorkell Helgason
Jón Rúnar Sveinsson
Guðmundur Þóroddsson
Jóhann Már Maríusson
Katrín Ólafsdóttir
Magnús Magnússon
Pétur E. Þórðarson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun:

Árni Ragnarsson

1. JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps sem hefur haldið tvo fundi frá því nefndin kom síðast saman. Raforkuspá hefur verið endurreiknuð og hefur skýrslu um endurreikninginn verið sett á netið en JV dreifði nokkrum eintökum af skýrslunni. Hann sagði að raforkuhópurinn legði til að endurreiknaða raforkuspáin yrði ekki fjölrítuð heldur einungis aðgengileg á netinu. PH lagði til að spáin yrði fjölrítuð í nokkrum eintökum fyrir bókasöfn og fulltrúa í nefndinni og var það samþykkt. Áætlað er að vinna raforkuhópsins verði svipuð á næsta ári og undanfarin ár og að farið verði að huga að endurskoðun spárinnar sem yrði síðan unnin að mestu árið 2002 þegar 5 ár eru liðin frá síðustu spá.
2. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins.. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 7,2% á fyrstu 9 mánuðum ársins. Flutningstöp hafa minnkað um 19,2% og eigin notkun Landsvirkjunar aukist um 48,4%. Allt bendir til þess að villa sé í gögnum Landsvirkjunar varðandi eigin notkun og töp í júní til september þar sem um 4-5 GWh virðast hafa færst frá töpum yfir í eigin notkun í hverjum mánuði. Einnig vex eigin notkunin þetta mikið vegna þess að mæling hafði fallið niður á notkun í Kröflu á fyrsta ársfjórðungi 1999. Stórnotkun vex um 9,5% og almenn notkun með eigin notkun Landsvirkjunar vex um 5,9% en um 5,0% án hennar. Aukningin er mikil í ótryggðu orkunni eða 15,4% en 4,7% í forgangsortkunni (með eigin notkun LV). JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en 3. ársfjórðungur var heldur hlýrri á þessu ári en árið 1999 eða 10,3°C í stað 10,2°C. Einnig kemur til leiðrétting vegna hlaupárs. Leiðrétt notkun forgangsortku eykst um 4,6% á fyrstu níu mánuðunum. Hann nefndi einnig aukningu hjá einstökum veitum á fyrstu níu mánuðum ársins og kemur þar fram mikil aukning forgangsortku hjá Hitaveitu Suðurnesja (9,7%), Rafveitu Hafnarfjarðar (8,2%) og Orkuveitu Reykjavíkur (7,6%). Ein skýring á mikilli aukningu hjá Hitaveitu Suðurnesja er mikil aukning í sölu á ótryggðri orku (74%), en dreifitöp af þeirri notkun eru talin með forgangsortkunni, en önnur ástæða gæti verið aukin raforkuvinnsla í Svartsengi og samhliða því aukin eigin notkun. Aukning er einnig hjá Rafveitu Akureyrar (4,5%) og Rafmagnsveitum ríkisins (0,1%) en minnkun hjá Orkubúi Vestfjarða (-1,5%). Heldur hefur dregið úr aukningunni eftir því sem liðið hefur á árið en hún er þó ennþá mikil.
3. PH sagði að vinna væri í gangi varðandi endurskoðun orkulaga og hann ásamt JV legðu áherslu á að Orkuspárnefnd gæti starfað áfram og að krafa væri gerð um skil á gögnum sem nauðsynleg eru fyrir þetta starf.
4. ÁR sagði að engin fundur hefði verið haldinn í jarðvarmahópnum frá því nefndin kom síðast saman. Hann sagði að gögn lægju að mestu fyrir en þó mundi ný spá ekki vera tilbúin fyrir áramót. PEP spurði hvað væri að flækjast fyrir þannig að spánni seinkaði. ÁR nefndi tímaskort. PH nefndi hvort ekki væri eðlilegt að hitaveiturnar kæmu að þessu starfi með fjármagn svipað og rafveiturnar gera varðandi raforkuspána. GP benti á að ræða þetta við Samorku.
5. JV dreifði einu blaði um störf eldsneytishóps og sagði að hann hefði haldið 4 fundi frá því nefndin kom síðast saman. Rætt hefur verið við fulltrúa frá

Eimskip, LÍÚ og Félagi íslenskra fiskimjölsmiðja. Drög liggja fyrir að kafla 2 og kafla 4 í eldsneytisspánni og unnið er að kafla 5 þar sem niðurstöðurnar koma fram. JV sagði að beiðni hefði komið fram hjá fulltrúa Hollustuverndar um að spáin yrði endurreiknuð á hverju ári svipað og raforkuspáin. PH sagði að þá væri eðlilegt að Hollustuvernd tæki þátt í kostnaði við það.

6. JV rakti breytingar sem eldsneytishópurinn leggur til að gerðar verði á almennu forsendunum. Þar er um að ræða að hækka hlutfall vinnsluskipa við lok spátímabilsins úr 50% í 67%, hækkun bifreiðatíðni hjá elstu og yngstu aldurshópunum og meiri aukning í millilandaflugi en gert var ráð fyrir í síðustu spá.
7. JV dreifði áætlun um vinnu fyrir Orkuspárnefnd á árinu 2001. Hann sagði að miðað væri við svipaða vinnu og á þessu ári nema að minni vinna væri fyrir eldsneytishópinum eða 150 tímar í stað 300.
8. MM sagði að Hagstofa Íslands stefndi að því að útbúa fólksfjöldaspá á hverju ári en ekki yrði hún greind niður á landshluta.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 9. febrúar kl 13:30. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 10. nóvember 2000. Raforkuhópur Orkuspárnefndar". (JV)

"Raforkuspá 2000-2025. Endurreikningur á spá frá 1997 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum". (JV)

Raforkunotkun 2000, fyrstu 9 mánuðir ársins. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrstu níu mánuðir ársins. (JV)

"Áætlun um vinnu fyrir Orkuspárnefnd". Drög 1 (JV)